

Námsvísar Hvolsskóla

Elsta stig



GLEÐI, VIRÐING, VINÁTTA

2024- 2025

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Íslenska	3
Íslenska sem annað tungumál (ÍSAT)	5
Stærðfræði	5
Samfélagsfræði	7
Kynjafræði	8
ART	9
Náttúruvísindi	10
Enska.....	11
Danska	12
Heimilisfræði í 8. bekk	14
Íþróttir	15
Vallínur fyrir 9.-10. bekk.....	16
Raungreinalína.....	17
Íþróttalína	17
Skapandi lína	17
Valgreinar á elsta stigi.....	18

Inngangur

Á elsta stigi veturninn 2024 – 2025 eru 75 nemendur. Í áttunda bekk eru 20 nemendur, 26 í níunda bekk og 20 í tíunda bekk. Umsjónarkennari í 10. bekk er Ólafur Elí Magnússon, Þórunn Óskarsdóttir umsjónarkennari 9. bekkjar og umsjónarkennarar 8. bekkjar eru Ástvaldur Helgi Gylfason og Guri Hilstad Ólason.

Stuðningsfulltrúar á elsta stigi eru Ástdís Guðbjörnsdóttir og Helgi Valur Smárason.

Sérkennsla: Ásta Brynjólfssdóttir, Gyða Björgvinsdóttir, Ingvar Helgason og Svava Björk Helgadóttir.

Proskapjálfí: Klara Sif Ásmundsdóttir

Justyna Lis og Þuríður Vala Ólafsdóttir eru Ísat kennarar á elsta stigi.

Við stundatöflugerð er miðað við 40 mínútna einingar sem ætlaðar eru ákveðnum námsgreinum.

Nemendur á elsta stigi fara í valgreinar þrisvar sinnum í viku, 80 mínútur í senn og nemendur í 9. og 10. bekk fara aust þess í 80 mínútur í vallínu einu sinni í viku. Valgreinar eru kenndar í námskeiðum og skiptist skólaárið upp í 3 annir. Nemendur velja valgreinar af valblaði í upphafi skólaárs.

Markmið náms og kennslu í Hvolsskóla í öllum námsgreinum byggja á markmiðum Aðalnámskrár. Hægt er að finna Aðalnámskrá grunnskóla í heild sinni á vef menntamálaráðuneytisins: www.mrn.stjr.is.

Íslenska

Kennari: Anna Kristín Guðjónsdóttir

Stuðningsfulltrúar: Ástdís Guðbjörnsdóttir og Helgi Valur Smárason.

Góð kunnáttu í móðurmáli er meginundirstaða haldgóðrar menntunar. Tungumál Íslendinga er eitt sterkasta sameiningartákn þjóðarinnar og því mikilvægt að standa vörð um það og koma því sem best til skila til núverandi og komandi kynslóða.

Lestur er eitt öflugasta tæki til að afla sér þekkingar. Ritun og munnleg tjáning er annað öflugt tæki til að koma þekkingu frá sér.

Á elsta stigi Hvolsskóla er unnið að margvíslegum verkefnum sem öll tengjast íslensku á einhvern hátt. Fastir liðir eru: ræðukeppni 8. - 10. bekkjar og upplestur 10. bekkjar upp úr bókmenntum tengdu svæðinu. Nýsköpunarverkefni, fræðslutorg og Harry Potter verkefni eru stærri verkefni sem unnin eru þvert á námsgreinar.

Markmið:

Að nemandi:

- Njóti lestrar, sér til gagns og gleði.
- Geti lesið margvíslega texta af öryggi og skilningi.
- Þekki og geti beitt helstu hugtökum sem notuð eru í bókmenntum, málfræði og ritun.
- Hafi fengið tækifæri til að semja, horfa á og hlusta á margs konar listrænt efni.
- Hafi þjáfast í rökræðum og í að tjá eigin tilfinningar og skoðanir.
- Sé fær um að skrifa margvíslega texta af öryggi.
- Hafi tileinkað sér skipulögð vinnubrögð við ritsmíðar.

Slóð á aðalnámskrá: http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_islenska.pdf

Leiðir að markmiðum/kennsluaðferðir

Lestur og hlustun bóka ásamt bókmenntagagnrýni, ljóðarýni, kvíkmyndarýni, þátttaka í hót- og einstaklingsvinnu og þemaverkefni. Einnig innlagnir og verkefnavinna, umræður og spurnaraðferðir og ýmis ritunarverkefni.

Grunnþættir menntunar í íslensku

Læsi: mikil breyting hefur orðið á orðinu læsi í nútímaþjóðfélagi. Texti birtist ekki bara á pappír heldur líka á rafrænu formi. Texti getur verið ritaður, mynd, tákna, látbragð, hljóð og hreyfing. Lögð er áhersla á að efla færni nemenda í að skilja, greina, gagnrýna og túlka þessi ólíku birtingarform. Lögð er áhersla á talmál annars vegar og ritmál hins vegar.

Sjálfbærni: í umræðum læra nemendur um sjálfbærni í samfélagslegum skilningi m.t.t jafnaðar og lýðræðislegra vinnubragða. Einnig er lögð áhersla á að auka skilning á eigin vistspori og neytendafræðslu.

Heilbrigði og velferð: til að stuðla að heilbrigði og velferða nemenda er lögð áhersla á fjölbreytni í verkefnum og skilum. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og verkefni við hæfi hvers og eins.

Lýðræði og mannréttindi: Val nemenda á aðferðum og lausn verkefna stuðlar að auknu lýðræði í skólastofunni auch þess að efla ábyrgðartilfinningu þeirra á eigin námi.

Jafnrétti: lögð er áhersla á fræðslu og umræður um jafnrétti kynjanna. Unnin eru verkefni þessu tengt.

Sköpun: Val um aðferðir við lausn verkefna í íslensku eflir gagnrýna hugsun nemenda og einnig sköpun. Leikir, spil, leiklist, myndlist, sönglist, myndbandagerð, glærukynningar og fleira eru góðar aðferðir til að efla sköpunargleði nemenda.

Námsgögn

Ýmis námsgögn verða notuð eftir þörfum svo sem; Kveikjur, Neistar og Logar. Ýmsar verkefnabækur, vefefni, heimildabækur, bókmenntir fornar og nýjar, hljóðbækur o.fl.

Námsmat

Leiðsagnarmat er mat sem lagt er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsrárangur og kennslu. Leiðsagnarmat eflir námsvitund nemenda og eykur skilning þeirra á hví hvað og hvernig þeir læra og hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri.

Í prófskirteini er ein einkunn sem byggir á prófum, verkefnaskilum, ritgerðum, þemaverkefnum, vinnumöppum og símati, sem getur verið í ýmsu formi svo sem einstaklings- og samvinnupróf, jafningjamat, leiðsagnarmat, sjálfsmat og frammistöðumat.

Lestrarviðmið:

8. bekkur. Leshraði að vori: Lágmarksviðmið **130 orð/mín.** Almenn viðmið **180 orð/mín.**
Metnaðarfull viðmið **210 orð/mín.**

9. bekkur. Leshraði að vori: Lágmarksviðmið **140 orð/mín.** Almenn viðmið **180 orð/mín.**
Metnaðarfull viðmið **210 orð/mín.**

10. bekkur. Leshraði að vori: Lágmarksviðmið **145 orð/mín.** Almenn viðmið **180 orð/mín.**
Metnaðarfull viðmið **210 orð/mín.**

Íslenska sem annað tungumál (ÍSAT)

Hæfnirammer í íslensku sem öðru tungumáli eru þrepaskiptir og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda. Sjá 19. kafla í Aðalnámskrá grunnskóla <https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kaqli-19>

Römmunum er ætlað að lýsa hæfni sem krafist er í notkun íslensku á öllum sviðum tungumálanáms.

Hæfnirammarnir miða ekki við aldur nemandans heldur stöðu hans í íslensku. Þó má gera ráð fyrir að yngri nemendur fylgi viðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í skemmri tíma en þeir eldri.

Hæfnirammarnir eru þrepaskiptir og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda í íslensku sem öðru tungumáli.

Hvert stig skiptist síðan í eftirfarandi þætti: Skilningur-hlustun, skilningur-lestur, tjáning-talað mál, tjáning-ritun.

Forstig er fyrir nemendur með litla sem enga þekkingu á íslensku tungumáli, þá sem eru ólæsir í móðurmáli sínu, þekkja ekki latneskt stafróf eða þurfa sérstaka þjálfun í íslenskum málhljóðum og að tengja þau við rittáknin. Áherslan er á lestur og íslenskt hljóðkerfi á þessu stigi. Þær hæfnilýsingar sem eiga við forstig eru þau viðmið sem unnið skal að. Að loknu forstigi er miðað við að nemendur nái hæfni sem lýst er á 1. stigi að því gefnu að hæfniviðmiðum forstigs sé náð.

1. stig er fyrir nemendur sem teljast byrjendur í íslensku en eru vel læsir í móðurmáli, þekkja latneskt letur og eiga auðvelt með að tileinka sér íslensk málhljóð og íslensk rittákn. Áhersla er á grunnorðaforða, grunnþekkingu í íslenskri málfræði, einfaldar ritunaræfingar, mikinn lestur og hlustun auk markvissrar talþjálfunar í almennu, daglegu tali.

2. stig. Hér eru nemendur orðnir nokkuð færir í munnelegri tjáningu og hafa daglegan orðaforða nokkurn veginn á valdi sínu. Mikil orðaforðasöfnun á sér stað á þessu stigi og málfræðinotkun eflist samhliða. Kröfur um hæfni í rituðu máli aukast og áhersla er lögð á námsorðaforða eftir því sem kostur er. Nemendur fylgja aðlöguðum námsáætlunum í öllum bóklegum greinum.

3. stig. Hér eru nemendur komnir með góðan grunn í íslensku og geta einbeitt sér að því að safna orðaforða og þróa færni sína í námstengdri málnotkun á breiðum grunni á öllum hæfnisviðum. Þegar nemendur hafa náð þeirri hæfni sem lýst er á þriðja stigi eiga þeir að geta fylgt almennum aldurstengdum viðmiðum og námsáætlunum í öllum bóklegum greinum en með stuðningi ef þarf.

Markmið: að nemendur tileinki sér og læri íslensku þannig að þeir geti stundað alhliða nám í íslensku skólastarfi með jafnöldrum og tekið virkan þátt í samfélaginu.

Leiðir að markmiðum: þjálfun í töluðu máli, hlustun, ritun og lestri.

Námsefni: aðlagað námsefni og námsefni sem hefur sérstaklega verið samið fyrir ÍSAT nemendur, ýmsar lestrar- og verkefnabækur, vefsíður, spil og annað efni frá kennara.

Námsmat: símat sem miðast við þátttöku í kennslustundum.

Stærðfræði

Kennarar: Ástvaldur Helgi Gylfason, Guri Hilstad Ólason, Ólafur Elí Magnússon og Þórunn Óskarsdóttir.

Stuðningsfulltrúar: Ástdís Guðbjörnsdóttir og Helgi Valur Smárason.

Stærðfræðin er ein af undirstöðugreinum alls náms. Segja má að allur heimurinn í kringum okkur sé uppyggður á stærðfræðilegan hátt og snúist um endurtekningar og mynstur. Þess vegna er stærðfræðin ásamt íslenskunni sem er hin grunngreinin, samofin öllum öðrum námsgreinum. Nýtt

námsefni í stærðfræði tekur mið af þessari sýn og eru þrautalausnir og rökhugsun orðin stór hluti af viðfangsefnum nemenda.

Slóð á Aðalnámskrá grunnskóla: http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_staedfraedi.pdf

Markmið:

Að nemandi:

- Tileinki sér rökhugsun
- Tengi stærðfræðina öðrum námsgreinum
- Tengi daglegt líf við stærðfræði
- Nái tökum á helstu aðgerðum í stærðfræði
- Tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð
- Geri sér grein fyrir orsök og afleiðingu
- Geti lesið leiðbeiningar og farið eftir þeim
- Vandi vinnubrögð og nákvæmni
- Leiti uppi og nýti sér mismunandi heimildir.

Leiðir að markmiði/ Kennsluaðferðir:

- Einstaklingsvinna
- Lestur bóka og annara ritaðra heimilda
- Þátttaka í verkefna og hópvinnu ásamt einstaklingsvinnu.
- Samvinna stærðfræðikennara
- Bein kennsla og innlagnir.
- Verklegar athuganir, verkefnavinna, umræður og skýrslugerð.
- Innlagnir í litlum hópum

Grunnþættir menntunar í stærðfræðinámi

Læsi: talhalæsi, miðlunarmennt, miðlalæsi og stafrænt læsi aukist með því að styðjast við fjölbreytta kennsluhætti eins og er útlistað hér fyrir ofan. Einnig er lagt áherslu á fjármálalæsi í stærðfræðikennslu á unglingsastigi.

Sjálfbærni: í umræðum læra nemendur um sjálfbærni í samfélagslegum skilningi m.t.t jafnaðar og lýðræðislegra vinnubragða. Einnig er lagt áherslu á að auka skilning á eigin vistspori og neytendafræðslu.

Heilbrigði og velferð: Einstaklingsmiðað nám þar sem nemendur takast á við verkefni við hæfi stuðlar að góðri sjálfsmýnd og vellíðan nemenda. Leiðsagnarmat og markmiðssetning þar sem áhersla er lögð á styrkleika nemandans eru einnig lykilatriði varðandi heilbrigði og velferð nemenda.

Lýðræði og mannréttindi: Val nemenda á aðferðum og lausn verkefna stuðlar að auknu lýðræði í skólastofunni auk þess að efla ábyrgðartilfinningu þeirra á eigin námi.

Jafnrétti: Námsefni er skoðað út frá jafnréttissjónarhorni og eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi. Fræðsla varðandi réttindi allra á vinnumarkaðnum á sér stað í 8. – 10. b.

Sköpun: Val um aðferðir við lausn verkefna í stærðfræði eflir gagnrýna hugsun nemenda og einnig sköpun. Leikir og spil eru einnig góðar aðferðir til að efla sköpunargleði nemenda.

Námsgögn

Kennslubækurnar Skali 1-3, Almenn stærðfræði I, II og III, Stærðfræði 8+, 9+ og 10+

Glærur, tölvur, verkefnablöð, myndbönd, leikir, spil og ýmiskonar ítarefni sem tengist efninu.

Í verklegum tilraunum og æfingum eru notuð ýmis efni, áhöld og tæki.

Námsmat

Leiðsagnarmat er mat sem lagt er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsrárangur og kennslu. Leiðsagnarmat eflir námsvitund nemenda og eykur skilning þeirra á því hvað og hvernig þeir læra og hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri.

Kaflapróf eða verkefni í lok hvers kafla, leiðsagnarmat, sjálfsmat, möppumat, símat, stöðupróf og annarpróf. Útskriftarnemendur taka lokapróf.

Samfélagsfræði

Kennrarar: Ástvaldur Helgi Gylfason, Guri Hilstad Ólason, Ólafur Elí Magnússon og Þórunn Óskarsdóttir.

Stuðningsfulltrúar: Ástdís Guðbjörnsdóttir og Helgi Valur Smárason.

Saga, menning og okkar nánasta umhverfi eru þeir þættir, sem móta okkur sem þjóð og einstaklinga. Á þessum þáttum tekur samfélagsfræðin. Samfélagsfræðin skiptist í: Sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði og trúarbragðafræði.

Markmið Hvolsskóla er:

Að nemandi:

- Geri sér grein fyrir stöðu sinni í samfélaginu
- Geri sér grein fyrir stöðu Íslands í heimsmyndinni
- Geti lesið af korti
- Geti sett sig í spor forfeðra okkar
- Upplifi söguna
- Geri sér grein fyrir hugtökum s.s. heimsálfa, land, ríki, þjóð, menning, þróun, umhverfi, landamæri, stjórnmál, trúarbrögð, jafnrétti, hefðir, siðir, stefnur og straumar í veröldinni og fleira og fleira
- Efli sjálfsmynnd
- Kynnist réttindum sínum og skyldum.
- Geri sér grein fyrir orsök og afleiðingu
- Geti lesið leiðbeiningar og farið eftir þeim
- Vandi vinnubrögð og nákvæmni
- Leiti uppi og nýti sér mismunandi heimildir.

Leiðir að markmiðum / Kennsluaðferðir

- Lestur bóka og annarra ritaðra heimilda
- Þátttaka í verkefna og hópvinnu ásamt einstaklingsvinnu.
- Áhersla á áhugaverkefni og þemaverkefni.
- Innlagnir.
- Umræður og skýrslugerð.
- Kennsluáætlun fyrir önnina liggur til grundvallar í hverju fagi.

Grunnþættir menntunar í samfélagsfræði.

Læsi: mikil breyting hefur orðið á orðinu læsi í nútímaþjóðfélagi. Texti birtist ekki bara á pappír heldur líka á rafrænu formi. Texti getur verið ritaður, mynd, tákn, látbragð, hljóð og hreyfing. Lögð er áhersla á að efla færni nemenda í að skilja, greina, gagnrýna og túlka þessi ólíku birtingarform. Lögð er áhersla á talmál annars vegar og ritmál hins vegar. Þegar fjallað er um samfélagsfræði er átt við: sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði. Lögð er áhersla á fjölbreytileikann og réttindi og skyldur allra.

Sjálfbærni: í umræðum læra nemendur um sjálfbærni í samfélagslegum skilningi m.t.t jafnaðar og lýðræðislegra vinnubragða. Fjallað er um grundvallargæði mannlegs lífs og misskiptingu. Einnig er lögð áhersla á að auka skilning á eigin vistspori og neytendafræðslu.

Heilbrigði og velferð: til að stuðla að heilbrigði og velferða nemenda er lögð áhersla á fjölbreytni í verkefnum og skilum. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og verkefni við hæfi hvers og eins.

Lýðræði og mannréttindi: Unnin eru ýmis verkefni sem unnin eru í hópum eða einstaklingslega en þannig fá nemendur aukið lýðræði í skólastofunni. Þegar fjallað er um þeirra réttindi og skyldur eru teknað umræður um stöðu samfélaga annars staðar í heiminum og út frá því rætt um lýðræði og einræði. Sýndur er samanburður á milli landa og teknað umræður út frá því.

Jafnrétti: lögð er áhersla á fræðslu og umræður um jafnrétti kynjanna. Unnin eru verkefni þessu tengt.

Sköpun: Val um aðferðir við lausn verkefna í samfélagsfræði eflir gagnrýna hugsun nemenda og einnig sköpun. Unnin eru verkefni ýmist í hópum eða einstaklingslega. Boðið er upp á margar leiðir á skilum verkefna til að efla fjölbreytni og lýðræði. Leikir, spil, leiklist, myndlist, sönglist, myndbandagerð, glærukynningar og fleira eru góðar aðferðir til að efla sköpunargleði nemenda.

Námsgögn

Kennslubækurnar: Þjóðfélagsfræði-Á ferð um samfélagið, Um víða veröld-jörðin, Um víða veröld-heimsálfur, Maðurinn og trúin, bækur um fjölbreytt trúarbrögð (lítill hefti), Styrjaldir og kreppa ásamt hljóðbókum.

Glærur, rafræn gögn, myndbönd, verkefnablöð og ýmiskonar ítarefni sem tengist efninu.

Námsmat

Námsmat er tvíþætt: annars vegar prófseinkunn og hins vegar skólaeinkunn. Nemendur fá að velja um nokkrar aðferðir prófa og er það meiri hlutinn sem ræður prófaforminu. Oftast eru það: kaflapróf að loknum hverjum kafla, heimapróf, krossapróf eða samvinnupróf sem verða fyrir valinu. Að auki er það verkefnavinna, ritgerða- og þemavinna, sjálfsmat, möppumat og símat.

Kynjafræði

Kennari: Anna Kristín Guðjónsdóttir.

Stuðningsfulltrúar: Ástdís Guðbjörnsdóttir og Helgi Valur Smárason.

Úr Aðalnámskrá grunnskóla (2011): „Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélagini og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra. [...] Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þáttta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. [...] Undir jafnréttismenntun fellur m.a. nám um kyn og kynhneigð. Með grunnpættinum jafnrétti er einnig lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir. Eitt af viðfangsefnunum er þróun Íslands sem fjölmenningsarsamfélags. Með jafnrétti er einnig lögð áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun. Áskoranir fólks með fötlun eiga ekki síður rætur í umhverfinu en í skerðingu einstaklings.“ (bls.15)

Markmið:

Að nemandi geti:

- sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
- hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálf sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynnd hans mótað af umhverfi og búsetu, stjórnálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar-og lífsviðhorfum.
- beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynnd.
- vegið og metið áhrif fyrirmynnda og staðalmynda á mótonum sjálfsmynndar og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.
- útskýrt með dæmum margbreyleika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífsháttu.
- vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttsýnan hátt.

Kennsluaðferðir/leiðir að markmiðum

Myndefni nýtt til áhorfs og hlaðvörp til hlustunar. Einstaklingsvinna og hópavinna. Umræður um málefni líðandi stundar.

Námsgögn

Myndefni svo sem *Hinseginkleikinn*, *Mannflóran*, *Myndin af mér og Mannasiðir*. Fréttir um mál líðandi stundar. Ýmsar vefsíður, hlaðvörp og bækur.

Námsmat

Þátttaka, virkni og vinnusemi í umræðum og verkefnavinnu.

ART

Kennrarar: Ástvaldur Helgi Gylfason, Guri Hilstad Ólason, Ólafur Elí Magnússon og Þórunn Óskarsdóttir

Stuðningsfulltrúar: Ástdís Guðbjörnsdóttir.

ART stendur fyrir Aggression Replacement Training eða fastmótað uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja ofbeldi og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga og hegðunarvanda.

Markmið:

Félagsfærni:

Að bæta félagsfærni og stuðla að betri samskiptum við fjölskyldu og vini, draga úr hegðunarvanda og auka sjálfstraust.

Sjálfsstjórn:

Að læra að þekkja tilfinningar sínar og annarra en það er forsendan fyrir því að bregðast við þeim á réttan hátt. Læra aðferðir til að auka sjálfsstjórn.

Siðferðisvitund:

Að styrkja og ræða gildi samfélagsins. Þjálfa nemendur í að greina rétt frá röngu. Unnið í gegnum klípusögur.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum

Í ART er unnið með félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferðisvitund þátttakenda. Með því að vinna með þessa þrjá þætti samhliða næst betri og varanlegri árangur heldur en ef aðeins væri unnið með einn þátt í einu. Þessir þættir eru meðal annars þjálfaðir með sýnikennslu, hlutverkaleik, jákvæðri styrkingu, æfingum og umræðum. (www.isart.is)

Námsgögn

Notuð eru námsgögn sem afhent eru á réttindanámskeiði ART kennara sem haldið er af ART teymi Suðurlands. Í þeim gögnum eru skilgreind skref í þjálfun félagsfærniþáttu, ferli í þjálfun reiðistjórnunar og klípusögur. Einnig nýtast fréttir úr samtímanum í þjálfun siðferðisvitundar.

Náttúruvísindi

Kennari: Ástvaldur Helgi Gylfason og Þórunn Óskarsdóttir.

Stuðningsfulltrúar: Ástdís Guðbjörnsdóttir og Helgi Valur Smárason.

Náttúrufræðin er tengd daglegu lífi okkar og því er mikilvægt að nemendur geri sér grein fyrir tengslum hennar við náttúruna. Náttúrulögðmál, nýting og varðveisla orku eru þættir sem oft er í almennri umræðu og því er nauðsynlegt að grunnþekking á þessum þáttum sé til staðar. Eins er mikilvægt að þekkja til frumefna og hvernig megi búa til ný efni úr þeim frumefnum sem eru til staðar í náttúrunni. Þessi efni tengjast okkur á margvíslegan hátt og geta verið bæði lífsnauðsynleg fyrir okkur meðan önnur geta verið okkur skaðleg. Því er mikilvægt að kynna sér hvernig líkami okkar og annarra lífvera starfar svo við getum stuðlað að sem bestum lífsskilyrðum fyrir okkur og þeim lífverum sem við deilum þessari jörð með.

Innan náttúruvísindanna eru: Lífvísindi, eðlisvísindi, jarðvísindi, erfðafræði, efnafræði og umhverfismennt.

Markmið Hvolsskóla eru að nemandi:

- Víkki sjóndeildarhring sinn fyrir umhverfi sínu, náttúrulögðmálum lífríki heimsins og sköpun.
- Geri sér grein fyrir orsök og afleiðingu.
- Skilji vísindalegar formúlur og tákn í texta.
- Geti lesið leiðbeiningar og farið eftir þeim.
- Vandi vinnubrögð og nákvæmni.
- Leiti uppi og nýti sér mismunandi heimildir.

Leiðir að markmiði/Kennsluaðferðir

- Lestur bóka og annara ritaðra heimilda
- Þátttaka i verkefna og hópvinnu ásamt einstaklingsvinnu.
- Áhersla á verklegar tilraunir og æfingar
- Útikennsla
- Bein kennsla og innlagnir.
- Verklegar athuganir, verkefnavinna, umræður og skýrslugerð.
- Nemendur þurfa að skila fullgerðum verkefnum og skýrslum.

Námsgögn

Kennslubækurnar Eðlisfræði 1, Eðlisfræði 2, Eðlisfræði 3, Efnisheimurinn, Lífheimurinn, Maður og náttúra, Mannslíkaminn ásamt hljóðbókum. Glærur, rafræn gögn, verkefnablöð, efni af neti og ýmiskonar ítarefni sem tengist efninu.

Í verklegum tilraunum eru notuð ýmis efni, áhöld og tæki.

Námsmat

Einkunn er byggð á kaflaprófum, verkefnaskilum og vinnubók. Til grundvallar einnkunnagjöf liggur t.d. virkni, samvinna og vinnubrögð.

Enska

Kennari: Guri Hilstad Ólason.

Stuðningsfulltrúar: Ástdís Guðbjörnsdóttir og Helgi Valur Smárason.

Fyrir Íslendinga gegrnir enskan lykilhlutverki í alþjóðlegum samskiptum t.d. tölvusamskiptum og ferðalögum en þessi atriði krefjast haldgóðrar enskukunnáttu. Mikilvægt er að nemendur temji sér að nota ensku í rituðu og töluðu máli og að þeir geti notað hana í almennum samskiptum við hinum ymsu þjóðir. Þá veitir enskukunnáttan okkur innsýn í fjölbreyttan menningarheim sem nær út fyrir Bretland og Bandaríkin.

Markmið Hvolsskóla er:

Að nemendur:

- Lesi á eigin spýtur bækur sem henta þeirra getu.
- Þjálfist í grunnþáttum málfræðinnar og geti beitt henni rétt.
- Æfi skipulega ritun markvisst eftir fyrirmyndum eða fyrirmælum og geti skrifað enskan texta frá eigin brjósti.
- Þjálfist í að nota hjálpargögn eins og íslensk-enska og ensk-íslenskar orðabækur ásamt einföldum leiðréttigarforritum og þýðingarsíðum (google.translate.com)
- Skilji fyrirmæli og skilji bekkjarfélagana og enskumælandi fólk.
- Hafi samskipti í skólastofunni og í alþjóðasamféluginu.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiði

- Vinna sjálfstætt að eigin markmiðum.
- Lestur bókmennta og fræðsluefnis.
- Þátttaka i paravinnu, hópvinnu ásamt einstaklingsvinnu.
- Áhersla á umræðu og spurnaraðferðir.
- Bein kennsla og innlagnir.
- Verkefnavinna þar sem leitaraðferðir eru notaðar, þjálfunaræfingar, innlifunaraðferð.
- Að skrifa ritgerðir og skapandi ritun.
- Leikir og myndefni.

Grunnþættir menntunar í enskunámi

Læsi: Læsi í hefðbundnum skilningi er stór hluti af enskukennslunni (lestur). Miðlunarmennt, miðlalæsi og stafrænt læsi aukist með því að styðjast við fjölbreytta kennsluhætti eins og er útlistað hér fyrir ofan. Einnig er lagt áherslu á menningarlæsi í enskukennslu á unglingsastigi.

Sjálfbærni: Í umræðum læra nemendur um sjálfbærni í samfélagslegum skilningi m.t.t jafnaðar og lýðræðislegra vinnubragða. Í menningarfræðslu fá einnig nemendur innsýn í menningarheim þar sem fátækt og stéttaskipting er til staðar.

Heilbrigði og velferð: Einstaklingsmiðað nám þar sem nemendur takast á við verkefni við hæfi stuðlar að góðri sjálfsmynd og vellíðan nemenda. Leiðsagnarmat og markmiðssetning þar sem áhersla er lögð á styrkleika nemandans eru einnig lykilatriði varðandi heilbrigði og velferð nemenda.

Lýðræði og mannréttindi: Val nemenda á aðferðum og lausn verkefna stuðlar að auknu lýðræði í skólastofunni auk þess að efla ábyrgðartilfinningu þeirra á eigin námi. Nemendur fá fræðslu varðandi sögu lýðræðis og mannréttinda í ýmsum löndum í heimunum.

Jafnrétti: Námsefni er skoðað út frá jafnréttissjónarhorni og eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi. Jafnréttisfræðsla er einnig hluti af menningarfræðslu.

Sköpun: Val um aðferðir við lausn verkefna í eflir gagnrýna hugsun nemenda og einnig sköpun. Leikir spil og hlutverkaleik eru einnig góðar aðferðir til að efla sköpunargleði nemenda.

Námsgögn

Spotlight, tölvuforrit, CD, DVD, námsleikir, forrit á veraldarvef (t.d. www.skólavefurinn.is), heimasíður, fræðsluefnir, verkefni, sjónvarpsefni, kvíkmyndir, myndir og fleira.

Námsmat

Nemandi setur sér markmið í samráði við kennara og metur hvort hann er að ná árangri.

Nemendur taka kaflapróf í lok hvers kafla og skila verklegum og skriflegum verkefnum.

Einkunn í ensku byggist á verkefnaskilum og kaflaprófum auk virkni í tínum o.fl. sbr hæfniviðmið aðalnámskrá grunnskóla.

Danska

Kennrarar: Gyða Björgvinsdóttir og Line Norgaard.

Stuðningsfulltrúar: Ástdís Guðbjörnsdóttir og Helgi Valur Smárason.

Markmið dönskukenndlu í grunnskólanum er að efla og viðhalda tengslum við Norðurlöndin. Í dönskukenndlunni er leitast við að opna nemendum sýn á menningu og lifnaðarhætti Dana en einnig að þeir fái innsýn í því sem er líkt og ólíkt milli þjóðanna. Nám í dönsku opnar möguleika á margvislegum tækifærum á Norðurlöndunum, hvort sem um nám eða starf er að ræða.

Markmið Hvolsskóla er:

Að nemandi:

- öðlist færni í að tjá sig munnlega á dönsku miðað við námsstig
- öðlist færni í að tjá sig skriflega á dönsku miðað við námsstig
- geti lesið danskan texta sér til gagns og gamans miðað við námsstig
- verði fær um að skilja talaða dönsku miðað við námsstig
- fræðist um málfraeði gegnum verkefnavinnu

Sjá nánar í *Aðalnámskrá grunnskóla – danska* frá 2013.

Kennsluaðferðir – leiðir að markmiðum

- Unnið meðlestexta sem hæfa námsstigi
- Semja texta á dönsku

- Vinni hlustunaræfingar
- Talæfingar og samskipti á dönsku við kennara og samnemendur
- Verkefnamöppur / verkefnabækur
- Verkefnavinna, bæði hóp- og einstaklingsvinna
- Innlögn
- Þemaverkefni.

Námsgögn

Kennslubækur sem verða notaðar: Smart, Smil, Tak, Ekko, Dejlige Danmark auk verkefnabóka og tilheyrandi hlustunaræfinga. Stuðst er við Tempo I talæfingum. Blaðagreinar úr dagblöðum og tímaritum. Léttlestarbækur sem hæfa námsstigi. Dægurlagatónlist og tilheyrandi verkefni. Tölvuforrit, kvíkmyndir og myndbandsgerð. Efni útbúið af kennara

Námsmat

Símat, orðaforðapróf, mat á verkefnum, sjálfsmat / jafningjamat, munnlegt próf í 10. bekk, próf úr námsefni og ólesnu efni. Lokapróf fyrir útskriftarnemendur.

Tónmennt

Kennari: Ingibjörg Erlingsdóttir.

Stuðningsfulltrúar: Ástdís Guðbjörnsdóttir og Helgi Valur Smáason.

Tónlistin er samofin flestu því sem fólk tekur sér fyrir hendur og því mikilvægur þáttur í grunnskólanámi. Tónlistariðkunin hefur yfirfærslugildi á aðra hæfni og þekkingu, svo sem samhæfingu hugar og handar, lestrarþjálfun, málþroska o.fl. Að iðka tónlist og njóta hennar felur í sér ákveðin ferli:

- söng og raddbeitingu
- hljóðfæranotkun
- hlustun
- sköpun

Áfangalýsing:

Unnið verður að hluta til í hljómsveitarformi þar sem krakkarnir velja sér hljóðfæri og syngja í hljóðkerfi. Syngjum og spilum með á gítar og ukulele, fræðumst um tónlistarsöguna.

Markmið skóla eru miðuð við Aðalnámskrá grunnskóla-listgreinar frá 2013

Markmið:

Að nemendur:

- kynnist rödduðum söng.
- átti sig á ýmsum leiðum í útsetningum tónlistar.
- geti notað algeng hljóðfæri og tekið þátt í samspili og söng sér og öðrum til ánægju.
- Kynni sína uppáhalds tónlist og tónlist valda af kennara.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiði:

Einstaklingskennsla, sýnikennsla, hópkennsla og samvinnunám (nem. hjálpa hver öðrum).

Námsgögn:

Hljóðfæri, tölvur, ýmsar bækur og námsefni frá kennara.

Námsmat:

Leiðsagnarmat; sjálfsmat og kennaraeinkunn sem felur í sér þessa þætti: frumkvæði , ástundun, samskipti, færni.

Heimilisfræði í 8. bekk

Kennari: Ólöf Sæmundsdóttir

Stuðningsfulltrúi:

Heimilisfræði snýst um matreiðslu, næringu, hollustu, vinnubrögð, hreinlæti, umhverfisvernd og matvælafræði. Nemendur eiga að vera nokkuð sjálfbjarga hvað snertir einföldstu heimilisstörf, það er að geta elda einfaldar máltíðir, þrífa og ganga frá eftir sig í eldhúsínu. Æskilegt er að nemendur fái að æfa sig heima.

Markmið:

- Að nemandi geti notað einföldstu bakstur og eldunaraðferðir.
- Að nemandi getið haldið eldhúsi hreinu.
- Að nemandi temji sér sjálfstæði og frumkvæði.
- Að nemandi geti unnið með öðrum að verkefnum.
- Að nemandi temji sér rétt vinnubrögð og réttar vinnustellingar.
- Að nemandi kynnist helstu kryddum og bragðefnum sem notuð eru í matargerð.
- Að nemandi kunni að flokka sorp sem fellur til í eldhúsi í lífrænt og ólífrænt. Kynnist því að ganga frá því í safnhaug.
- Að nemandi temji sér góða borðsiði.
- Að nemendur kunni skil á helstu næringarefnum sem líkaminn þarfnað.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum:

Nemendur fara eftir uppskriftum og annað hvort baka eða matreiða mat, bera matinn fram og matast, ganga frá í eldhúsínu og skila því hreinu. Bóklegt nám, næringarfræði og neytendafræði.

Námsgögn: Ýmis ljósrit.

Námsmat: Gefin er kennaraeinkunn í lok annar sem byggir á leiðsagnarmati.

Kennslutími: Unnið er í smiðjum, 2 x 80 mín á viku eina önn.

Hönnun og smíði

Kennari: Kolbeinn Ísólfsson

Í áfanganum læra nemendur að skapa og þróa hugmyndir með hönnun og handverki. Þeir kynnast mismunandi efnum og tækni við smíðar, ásamt því að vinna með nýsköpun. Nemendur fá tækifæri til að hanna og búa til eigin verkefni frá grunni, þar sem áhersla er lögð á skapandi ferli, nákvæmni og sjálfstæða vinnu.

Markmið Hvolsskóla eru: miðuð við Aðalnámskrá grunnskóla - hönnun og smíði. Áhersla er lögð á öryggisþætti í umgengni véla, verkfæra og almenna umgengni í stofu. Reynt verður að örva sköpunargleði, vinnugleði og frumkvæði með verkefnum þar sem nemendur þjálfast í að nýta sér þekkingu sína og halda áfram að byggja ofan á þann grunn sem þeir hafa fengið. Hlutir teiknaðir/rissaðir upp í þrívidd og málsettir.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiði: Nemendur koma í 80 mín. á viku 1/3 af vetrinum.

Námsmat: Námsmat byggir á þátttöku nemenda, vinnusemi, verklagi og framlagi í verkefnum.

Myndmennt

Kennari: Ingvar Helgason

Markmið Hvolsskóla: Myndmennt á elstastigi miðar að því að efla sköpunargáfu nemenda og hæfni þeirra til að tjá sig í gegnum myndlist. Nemendur munu kynnast fjölbreyttum aðferðum, tækni og miðlum í myndlist, auk þess að læra um listfræðileg hugtök og aðferðir. Í náminu verður lögð áhersla á sjálfstæða vinnu, gagnrýna hugsun og skapandi nálgun.

Kennsluaðferðir:

Kennslan fer fram í gegnum fyrirlestra, umræður og verkefnavinnu. Nemendur fá tækifæri til að vinna bæði einstaklingsbundið og í hópum. Mikilvægt er að nemendur þrói eigin sköpunarhæfni og sjálfstæð vinnubrögð, auk þess að virða verk annarra.

Námsmat: Nemendur verða metnir á grundvelli verkefnavinnu og virkni í tímum. Sérstök áhersla verður lögð á þróun frá upphafi til loka, nýtingu á endurgjöf, frumleika og gæði útfærslu.

Íþróttir

Kennarar: Helgi Jens Hlíðdal, Lárus Viðar Stefánsson og Ólafur Elí Magnússon.

Stuðningsfulltrúar: Ástdís Guðbjörnsdóttir og Helgi Valur Smárason.

Íþróttir og sund eru mjög tengd okkar daglega lífi og því er mjög mikilvægt að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi hreyfingar. Á tímum þar sem tæknivæðingin ræður ríkjum er hreyfing nauðsynleg bæði fyrir andlega og líkamlega líðan nemenda.

Fjölbreytni í íþróttum hvetur börn og unglings til dáða og stuðlar að betri námsárangri.

Markmið Hvolsskóla eru að nemandi:

Sund:

Að nemandi:

- Viðhaldi sundfærni sinni með tilliti til breytrar líkamsbyggingar.
- Vinni með björgunaraðferðir / leysitök í vatni.
- Auki færni í bringu- bak- flug- og skriðsundi.
- Taki þátt í sundþjálfun til að synda ákv. vegalengdir innan ákveðinna tímamarka.
- Viðhaldi öryggis- og umgengisreglum.

Íþróttir:

Að nemandi:

- Viðhaldi færni sinni og getu með tilliti til breytrar líkamsbyggingar.
- Þjálfist í samsettum æfingum, s.s. hoppum, stökkum, snúningum o.fl.
- Fái nýja hreyfireynslu með íþróttaiðkun s.s. fjallganga, golf o.fl.
- Fái verklega innsýn í tengsl markvissar þjálfunar við bætta heilsu.
- Taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti.
- Viðhaldi öryggis- og umgengisreglum.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiði

Sund:

- Unnið verður með verklegar æfingar s.s. sundaðferðir, stungu af bakka, köfun, leiki.
- Sýnikennsla á bakka og úr laug
- Hópavinna, paravinna, einstaklingsvinna.
- Innlagnir.

Íþróttir:

- Verklegar æfingar
- Hópavinna, paravinna, einstaklingsvinna.
- Innlagnir, sýnikennsla.

Námsgögn

Sund:

Sundblöðkur, korkar, köfunarhringir og fleira tilfallandi.

Íþróttir:

Áhöld fyrir íþróttakennslu eru margþætt og fjölbreytt.

Námsmat

Sund:

- Stöðupróf, lokapróf.
- Frammistöðumat (virkni og áhugi í tímum).

Íþróttir:

- Símat.
- Leiðsagnarmat.
- Í lok hvers þema er frammistaða nemanda metin.
- Frammistöðumat (virkni og áhugi í tímum).
- Í einstökum greinum er árangur nemenda mældur út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum (típtest, frjálsar íþróttir).

Vallínur fyrir 9.-10. bekk

Í boði eru 3 vallínur og velur hver nemandi eina línu hvar hann sækir tíma allan veturinn.

Raungreinalína er ætluð nemendum sem stefna á nám á náttúrufræðibraut og/eða frekara nám í stærðfræði, líffræði, eðlis- og efnafræði eða læknisfræði síðar á skólagöngunni.

Íþróttalína er ætluð nemendum sem stefna á nám á íþróttabraut og/eða frekara nám í íþróttarfraðum, þjálfun eða heilsurækt síðar á skólagöngunni.

Skapandi lína er ætluð nemendum sem stefna á nám á lista- eða verknámsbraut og/eða frekara nám tengt listum, sköpun og handverki.

Hér á eftir fara nánari lýsingar á áföngum sem kenndir verða skólaárið 2024-2025.

Raungreinalína

Kennari: Ólafur Elí Magnússon og Þórunn Óskarsdóttir.

Stuðningsfulltrúi: Ástdís Guðbjörnsdóttir og Helgi Valur Smárason.

Vinnubrögð í stærðfræði

Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni, skipulögðum vinnubrögðum og lausnum verkefna og þrauta. Farið er yfir talnameðferð, bókstafareikning, hlutföll, rúmfræði og hornaföll.

Kennt er með hefðbundnu sniði, hugtök útskýrð, dæmi reiknuð á töflu og nemendur vinna heimavinnu. Nemandi þarf að hafa reiknivél í tímum og í könnunum, mælt er með Casio-FX9750G eða hliðstæðum vélum.

Almenn brot og prósentur

Hér verður prósentureikningur dýpkaður og sýnt fram á samhengi prósentna, almennt brota og tugabrota. Nemendur tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð. Lögð verður áhersla undistöðu í framhaldsskóla stærðfræði og kynntir 1. áfangar í framhaldsskóla-stærðfræði.

Nemandi þarf að hafa reiknivél í tímum og í könnunum, mælt er með Casio-FX9750G eða hliðstæðum vélum.

Erfðafræði, efnafræði, eðlisfræði og líffræði.

Farið í grunnatriðin og leitast við að dýpka þekkingu þannig að nemendur verði tilbúnari til frekara náms í raungreinum.

Íþróttalína

Kennari: Lárus Viðar Stefánsson.

Stuðningsfulltrúi: Ástdís Guðbjörnsdóttir og Helgi Valur Smárason.

Tímarnir eru bæði verklegir og bóklegir.

Í verklegu tímunum verður farið dýpra í undirstöðuatriði og reglur í þeim greinum sem verið er að vinna með í íþróttatímum.

Í bóklegu tímunum verður farið

þjálfifræði/Líffærafræði. Farið er yfir grunnþjálfun íþróttta og mismunandi þáttum gerð skil, t.d. þol, styrk, liðleika, snerpu/hraða og samhæfingu. Einnig verða vöðvar líkamanns skoðaðir.

Íþróttameiðsl. Farið verður yfir algengustu íþróttameiðslin og meðhöndlun við meiðslum.

Næring. Skoðum matvæli og innihald þeirra. Förum yfir orkuefni líkamanns og í hvaða matvælum við fáum orkuefnin.

Skapandi lína

Kennrarar: Ingibjörg Erlingsdóttir og Ingvar Helgason.

Stuðningsfulltrúi: Ástdís Guðbjörnsdóttir.

Hönnun I

Í áfanganum er leitast við að hvetja nemendur til að greina þarfir eða vandamál í umhverfi og leita lausna. Efla hugmyndavinnu, frumkvæði og eftirfylgni.

Helstu viðfangsefni:

- Samræður um framfarir, þróun og uppfindingar.
- Fá gest í heimsókn og ræða málín.
- Fara í heimsókn þ.e. skoðunarferð og fá kynningu.
- Leggjast í greiningu og hugmyndavinnu.
- Sjá fyrir sér þróun og frekari framvindu hugmynda.

Slagverk I

Þessi áfangi er byggður á sköpun og tjáningu. Farið í grunnatriði slagverksins. Unnið er með ýmiskonar hljóðgjafa sem nemendur finna í sínu nánasta umhverfi. Hópurinn semur tónverk og notar til þess hljóðgjafana og flytur tónverkin þegar þau eru tilbúin á viðeigandi stað. Nemendur nái að tileinka sér og átti sig á uppbyggingu og formi tónlistar.

- Helstu viðfangsefni:
- Samræður um hljóðgjafa, þróun og sköpunarfrelsí.
- Hlustað og skoðuð myndbönd af ýmiskonar hljóðgjöfum og leiðum til sköpunar
- Hugmyndavinna.

Grunnteikning I

Í áfanganum er leitast við að efla nemendur í gerð vinnuteikninga í tengslum við hönnun eða framleiðslu. Áhersla á góð vinnubrögð.

Helstu viðfangsefni:

- Um línum, uppsetningu og frágang.
- Grunnhugtök.
- Nokkrar grunnteikniaðferðir.
- Horn.
- Þríhyrningar.
- Ferhyrningar.
- Rúmmyn dir í jafnvídd og fjarvídd.
- Fríhendisteikning.

Skapandi tónlist

Í áfanganum er unnið með framandi hljóð og aðra hljóðgjafa og þeim blandað saman með viðeigandi aðferðum og tækni. Nemendur finna leið til að vinna með hljóðin t.d. upptökur, raftónlist (e. electronic music), stundum notað sem samheiti yfir alla þá tónlist sem sköpuð er með rafmagnstækjum.

Nemandinn þjálfast í að sýna frumkvæði og þor og geri tilraunir í listsköpun. Þjálfist í að byggja upp verk á eigin hugmyndum.

Valgreinar á elsta stigi

Valgreinar eru hluti af skyldunámi nemenda í 8. – 10. bekk. Með því að bjóða upp á val taka nemendur enn meiri ábyrgð á eigin námi auk þess sem auðveldara er að laga námið að áhuga og þörfum nemenda.

Mikilvægt er að nemendur vandi val sitt og séu meðvitaðir um inntak þeirra námsgreina sem þeir velja. Við mælum með því að nemendur afli sér upplýsinga hjá umsjónarkennara eða deildarstjóra ef einhver vafaatriði koma upp. Jafnframt er nauðsynlegt að nemendur ígrundi valið í samráði við foreldra sína. Foreldrum ber að staðfesta val nemenda með undirskrift á valblaðið.

Að gefnu tilefni skal nemendum bent á að hver og einn velur þær valgreinar sem hann telur henta sér best. Varast ber að velja með það í huga að gera eins og besti vinurinn eða vinkonan.

Tekið skal fram að aðstæður geta valdið því að ekki verði unnt að verða við öllum óskum nemenda og í sumum tilfellum verður skólinn að mæla með öðru vali en nemandi kýs helst.

Áfram verður boðið upp á að meta nám úr Tónlistarskóla Rangæinga eða íþróttaiðkun sem eina valgrein. Möguleiki er að meta annað tómstundastarf sem valgrein og verður hvert einstakt tilfelli skoðað í því ljósi. Einnig er möguleiki að nemendur velji starfsnám en því verða að fylgja ströng skilyrði og eftirfylgd deildarstjóra.